

Sveinn Kjartansson, matreiðslumeistari

Sveinn Kjartansson er matreiðslumeistari og eigandi veitingahússins Borðstofunnar, sem opnar 1. október 2013, í miðbæ Reykjavíkur.

Sveinn hefur komið víða við á starfsferli sínum. Hann útskrifaðist sem matreiðslumaður frá Hótel- og veitingaskóla Íslands árið 1985 og hélt fljótlega utan til Oslóar þar sem hann vann sem matreiðslumaður. Fljótlega lá leiðin til Amsterdam þar sem Sveinn starfaði um áraraðir. Hann vann á ýmsum veitingastöðum á ferðalögum sínum um heiminn og hefur starfað á erlendri grundu lungað úr starfsferlinum. Við og við kom hann heim og setti m.a. upp veitingastofuna á Listasafni Íslands, þegar það flutti í núverandi húsnæði. Einnig starfaði hann við veitingahúsið Við tjörnina og frá árinu 2002 starfrækti Sveinn Fylgifiska, sérverslun með sjávarfang, ásamt fleirum, sem var brautryðjandi á Íslandi í fiskréttum.

Hann hefur unnið að þremur þáttaröðum um matreiðslu fyrir sjónvarp, Fagur fiskur I, sem Sagafilm og Matís framleiddi (Eddu-verðlaunin 2011 sem menningar- eða lífsstílsþáttur ársins), Allt upp á einn disk, sem RÚV framleiddi og nú síðast Fagur fiskur II, framleiðandi Sagafilm og Matís. Þáttaraðirnar voru allar sýndar á RÚV.

Sveinn er höfundur af 60 uppskriftum í Fiskbók Hagkaupa sem kom út árið 2004 og nú í október kemur út bókin Fagur fiskur, með uppskriftum Sveins, sem Forlagið gefur út og byggir á báðum þáttaröðunum Fagur fiskur I og II.